



# Lífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 50. TBL. 10. ÁRG. DES. 1984



Allt hið illa sem menn gera, gera þeir sinni eigin framtíð. –  
*Helgi Pjeturss.*

# Vagnhjólsvetrarbrautin

(Sjá forsíðumynd).

Hringlagaðar vetrarbrautir, – eins og sú sem sést á meðfylgjandi mynd, eru tiltölulega fáar og óvenjulegar. Stjörnufræðingar hafa lengi glímt við að ráða þá gátu, hvað valda muni þessari sérkennilegu lögun þeirra og hallast nú helst að þeirri skýringu, að um sé að kenna árekstri milli tveggja vetrarbrauta.

Það hefur komið í ljós, að í næsta nágrenni við svo til hverja hringvetrarbraut er önnur lítil.

Hringvetrarbrautir eru flestar mjög stórar eða álíka að þvermáli eins og sú sem okkar sólhverfi tilheyrir.

Telja stjörnufræðingar að lítil aðvífandi vetrarbraut hafi stefnt beint á miðju hinnar stóru og farið í gegnum hana. Hafi þessi árekstur valdið hinni miklu röskun og útlitsbreytingu, sem nú má sjá merkin um.

Ekki er álitid að um árekstur einstakra stjarna hafi verið að ræða að neinu marki, meðan á árekstri vetrarbrautanna stóð, – stjörnur séu svo dreifðar í rúminu innan hveurrar vetrarbrautar að ekki sé á því mikil hættu, heldur hafi einkum orðið hér um gagngerða aflögun hinnar stóru að ræða og e. t. v. um einhverja blöndun einstakra stjarna milli vetrarbrautanna tveggja.

Það er einmitt aðdráttarkraftur litlu vetrarbrautarinnar – með þúsundum milljóna sólstjarna – sem veldur þessari afgerandi röskun. Muni hin stóra – með sínum tugþúsundum milljóna sólstjarna – ná aftur fyrri lögun sinni, eftir að sú smærri er komin framhá (eða í gegn) og hefur siglt sinn sjó út í ómælisviðir geimsins, og aðdráttarafl hvorrar á aðra er úr sögunni.

Allar þessar breytingar munu að sjálfsgöðu taka óratíma á okkar mælikvarða. Hraðamælingar benda til þess, að litla vetrarbrautin hafi farið í gegnum miðju *Vagnhjólsvetrarbrautarinnar* fyrir um það bil 250 milljónum ára. Og gert er ráð fyrir, að það taki hana (hina stóru) enn fleiri áramilljónir að jafna sig, eftir þetta áfall og ná aftur sinni fyrri lögun.

*Frh. á bls. 150.*

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Lausn Gátunnar**

Frá Hörpuútgáfunni á Akranesi kemur bók sem heitir „Lausn Gátunnar“, og er eftir Þorstein Jónsson, bónda á Úlfsstöðum í Borgarfirði, sem reyndar er nýhættur að búa, enda kominn fast að níræðu. Fyrsta hugsun almenns lesanda kynni að verða spurningin um það, hver sú gáta geti verið, sem háaldraður bóndi er að glíma við, og telur vera fundna lausn á. Hinn almenni lesandi svarar sér ef til vill sjálfur á þann veg, að slíkt geti naumast verið nokkuð sem yngri kynslóðir þurfi að láta sér koma við. Ég veit þó ekki nema þetta kunni að reynast öðruvísi við nánari skoðun. Ég hef einhverntíma séð komist þannig að orði, að þegar einstaklingurinn líður undir lok, þá farist með honum heill heimur – heimur reynslu hans og sögu. Og það kynni að vera hollt fyrir einhverja af þessum tvöhundruð og fimmtíu þúsund „alheimum“ sem Íslendingar eru, að kynnast því hvernig sú gáta er ráðin, hvað verður af hverjum þeim heimi (mannsvitund) sem ferst.

Fyrir löngu dreymdi mig draum þar sem ég þóttist vera staddur í landshluta þeim á Suður-Spáni sem nefnist Andalusía frá fornu fari og kenndur er við Vandala þá, ættaða af Norðurlöndum, sem þar settu mark sitt á söguna fyrir einum 1500 árum. Refsuðu þeir hinum síðustu Rómverjum á þessum slóðum svo duglega fyrir siðspillingu þeirra, og stjórnuðu málum svo vel, að mikill rógur var hafinn um nafn þeirra, sem siðspilltir menn hafa jafnan síðan alið á. En þarna í þessu landi Vandala, þóttist ég í draumnum vita deili á borgum ýmsum og héruðum, sem hétu Þorsteinnjas, Þorsteinaveldi og fleiri nöfnum af sama stofni. – Það mætti nú segja um hina nýju bók, „Lausn Gátunnar“, að hún sé í Þorsteinaveldi. Því að auk höfundarins koma þar við sögu Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafræðingur, sem ágætan formála hefur ritað; Þorsteinn Þorsteinsson, menntaskóla-

kennari, sem sá um útgáfuna með Braga Þórðarsyni; Þorsteinn V. Sveinsson, sem gert hefur kápumynd, og loks bætist fimmti Þorsteinninn við til þess að skrifa grein um bókina. – Útgefendur segja á baksíðu réttilega:

*Þorsteinn hefur um langt árabil reynt að vekja menn til umhugsunar um Nýalskenningar Helga Þjeturss og ritar mjög í anda þeirra. Einnig vikur hann að eigin hugsunum og athugunum varðandi þróun lífsins, eðli skyggnigáfu, íslenzkar fornbókmenntir og ýmislegt annað.*

Varðandi það hvort hin nýja bók Þorsteins komi nútímanum við, mætti líta á þetta sem stendur í inngangsritgerð hans:

*Þótt aldrei muni það hafa verið rikjandi trú almennings, að lifað sé áfram á öðrum stjörnum, þá hefur sú hugsun komið fram hjá stöku manni, og má þar sérstaklega nefna Giordano Bruno.*

*„Lausn Gátunnar“, bls. 16.*

Ég hef lengi fylgst nokkuð grannt með því, sem ritað er um Brúnó, víða um lönd, en engan séð minnst á þessa aðalniðurstöðu hans. Nú er Brúnó viðurkenndur, og má því segja að það sé dálítið frumlegt, að það skuli þurfa íslenzkan bónda til að segja um hann það sem segja þarf. Þorsteinn Jónsson segir ennfremur:

*Ög jafnvel áður en menn vissu neitt um hvað stjörnurnar eru, má segja, að þetta hafi komið fram. Þannig er í Snorra-Eddu talað um staði á himni, þar sem góðir menn og réttlátir lifi eftir dauða sinn hér. Og eins og menn ættu að muna, þá talaði Jesús frá Nazaret um slíkt. Hann sagði, að í húsi föður síns á himnum væru margar vistarverur. Eins og menn nú vita, þá er á himni ekki um aðrar vistarverur að ræða en stjörnurnar. Hafa stjörnurnar það fram yfir allt annað sem menn hafa hugsað sér sem framlífsstaði að þær eru áreiðanlega til.*

*„Lausn Gátunnar“, bls. 14.*

Að það skuli þurfa aldraðan íslenzkan bónda til að segja svo skiljst, hvert er aðalatriðið í kenningum Eddu og Biblíunnar, gæti bent til þess að vandræði aldarinnar stöfuðu nokkuð af því, að menn hafi ekki haft nógu góða leiðbeinendur – í mennta- og trúarlífi þessarar aldar. En úr því mætti bæta með því að lesa þá bók sem hér er rætt um.

Væru þeir spurðir sem nokkuð hafa lagt sig eftir fyrri ritverkum Þorsteins Jónssonar, hvað þar væri bezt, þá yrðu svörin ugglaust á ýmsa lund. Á fjórða áratug aldarinnar var ekki fjarri því, að ýmsir sem kenndir voru við bókmenntir, litu til Þorsteins sem vaxandi skálds. Einkum þótti hin órímaða ljóðræna hans sem minnir mest á franska skáldið Rimbaud, vera með snilldarbrag, en aðrir létu meira með kjarnyrði hans (aforisma) sum í anda Nietzsches en önnur líkari Tagore. En bókmenntamennirnir hurfu alveg frá því að láta nokkuð með Þorstein Jónsson þegar hann fór að rita um heimspeki. Með bókinni „Samtöl um íslenska heim-speki“ (1940) má segja að Þorsteinn hafi gert sig útlægan úr mannfélaginu, þannig að örfáir þeirra sem nokkurs hafa mátt sín, hafa síðan borið við að minnast á hann. Skal þetta ekki sagt með gremju eða ásökun, heldur, ef verða mætti, til skilnings á því að Þorsteinn Jónsson muni vera nokkuð sérstæður maður. Hugsun hans er auðug og hyggja hans er djúp.

Efni bókarinnar „Lausn Gátunnar“ er svo fjarri því að vera einhæft, að það er einmitt aðalvandinn við að skrifa um hana, hvað hún er efnismikil. Kjarni hennar er reyndar mjög einfaldur, þetta sem Þorsteinn lífefnafræðingur gerir að einkunnarorðum: „Maðurinn er ekkert annað en endurminningin“. Má fullyrða, að í nútímavísindum og vísindaheimspeki, á þessi skilningur meiri hljómgrunn en nokkru sinni fyrr, – og mætti þó telja að Henri Bergson hafi komið nærri slíkri hugsun þegar hann talaði um *Matière et Memoire* („efni og minningu – en ekki „efni og anda“). Þessa kenningu byggir Þorsteinn upp jafnt á sviði líffræðinnar og sálfræðinnar. „Hugsunin er byggð upp á líkan hátt og lífið“, sagði hann eitt sinn við mig. Enn mætti bæta því við að í geimvitrun þeirri sem bar fyrir Carl Gustav Jung, undir ævilok hans, skömmu áður en geimferðir hófust, þótti honum sem ljóst lægi fyrir, að sjálfur væri hann ekkert annað en minningar þær um liðna ævi sem hann tæki með sér. En ekki var þetta neitt skipulega rakið eða upp byggt hjá Jung, heldur aðeins andríkis-glampi. Og sem andríki hefur það víða komið fram.

Ég hefði haft gaman af að ræða meira um þá þætti bókarinnar sem síður koma aðalmáli hennar við, eins og til dæmis

„Þættir úr Noregsför“ – sem ég býst við að flestum gæti þótt gaman að lesa – eða stjörnufræðigreinarar með gamansömum ábendingum til rithöfunda, sem sjá skammt út fyrir gufuhvolfið. Eða varnarræðu hans fyrir Þorvald Vatnsfirðing og Hákon Hlaðajarl, og þó ekki hvað síst um ýmsar athugasemdir hans við kvæði Einars Benediktssonar. En um þann undramann hef ég lært mest af Þorsteini Jónsyni allra manna. Öllu þessu verð ég þó að sleppa, því að efnið er óprjótandi og rúmið er naumt, í umsögn um bók.

En hitt get ég ekki látið ógert, að minnst að lokum á það, sem skýrir í rauninni fullkomlega þá „útleð“, sem þessi höfundur hefur verið hafður í um 45 ára skeið, nefnilega þetta sem hann tekur svo glögglega fram í inngangsrithöfundinni, með þessum orðum:

*Nú er mér að vísu ekki ókunnugt um það viðhorf sumra manna, að hér sé ekki einungis um óleysanleg viðfangsefni að ræða, heldur megi þau ekki leysast. Þannig er ekki langt síðan ég las einhversstaðar þau ummæli mikilsvirts rithöfundar, að það sé guðlast að leita skilnings á því sem guðlegt hefur verið kallað.*

*„Lausn Gátunnar“, bls. 16.*

Ég beini því fjarhrifum til þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, að þeir lesi bókina „Lausn Gátunnar“, og reyni síðan að svara boðskap hennar – ef Guð gefur þeim getu til þess.

## Vagnhjólsvetrarbrautin (Sjá forsíðumynd).

*Frh. af bls. 146.*

Álitið er, að *Vagnhjólsvetrarbrautin* sem sýnd er á forsíðu hafi verið venjuleg þyrilvetrarbraut, áður en litla vetrarbrautin, – önnur hinna litlu á myndinni – fór í gegnum miðju hennar og aflagaði hana á þennan áberandi hátt.

*Ingvar Agnarsson.*

Heimild: La nouvelle astronomie eftir Jean-Claude Pecker.

# Sambönd við látna vini

## I.

Ég átti viðtal við konu eina sem mjög er skyggn, og telur sig hafa sambönd við látið fólk. Hún hafði misst mann sinn fyrir nokkrum mánuðum og sagði mér frá því, að hann kæmi oft til sín, og væri sér að því mikil huggun og rauna léttir.

Ég sagði við hana: „Viltu segja mér glögglega frá því hvernig þetta kemur þér fyrir sjónir, og má ég leggja fyrir þig spurningar, ef mér skyldi detta í hug að spyrja þig um eitthvað í þessu sambandi?“

Hún svaraði: „Já, þú mátt spyrja, og ég skal reyna að segja sem réttast frá. Stundum þegar ég er ein, og friður og ró í húsinu, þá kemur hann inn til mín og sest hjá mér“.

Ég: „Finnst þér hann koma inn um dyrnar á herberginu, eða verðurðu hans vör allt í einu inni í herberginu?“

Hún: „Ég verð þess vör allt í einu að hann er kominn. Og yfirleitt, þá sest hann hjá mér og við tölum saman“.

Ég: „Talið þið saman upphátt eða talist þið við í huganum?“

Hún: „Ég held, að við tölumst ekki við upphátt, eða með talfærunum, en ég skynja í huga mínum, hvað hann segir, og ég svara og tala til hans með mínum huga. Þetta virðist allt svo eðlilegt. Og ég nýt þess, að tala við hann, eins og meðan hann lifði“.

Ég: „Sérðu hann eins greinilega, eins og væri hann lifandi maður?“

Hún: „Já, ég geri engan mun þar á“.

Ég: „Hefurðu tekið eftir, hvort þú sérð hann jafn skýrt, hvort sem þú hefur augun opin eða lokuð?“

Hún: „Þetta hef ég nú ekki athugað sérstaklega, en ég held helst, að engu breyti, hvort ég hef augun opin eða lokuð“.

Ég: „Virðist þér hann eins fastur í sér og þéttur fyrir eða

efniskendur, eins og lifandi maður?“.

Hún: „Já, mér virðist svo vera“.

Ég: „Hefurðu aldrei fundið snertingu hans?“

Hún: „Nei, það hef ég aldrei fundið“.

Ég: „Heldurðu, að ef þú réttir út hendina, til að snerta hann, að þú mundir þá finna fyrir honum?“

Hún: „Já, það held ég“.

Ég: „Hefur þér aldrei dottið í hug að snerta hann, þegar hann hefur komið til þín?“

Hún: „Nei, það hefur mér aldrei dottið í hug. Satt að segja held ég, að ævinlega, þegar hann er hjá mér, sé ég í einhverskonar móki eða leiðslu, þótt ég sé vakandi, þannig að ég hugsa lítið sjálfstætt. Það er eins og ég hafi þá ekki neitt eigið framtak. Eins og hugurinn sé slævður eða óvirkur“.

Ég: „Hvernig er svo þegar hann fer eða hverfur?“

Hún: „Þá er eins og ég komist til sjálfrar mín að fullu“.

Ég: „Hefur þér nokkur tíma fundist, eins og herbergið breytast nokkuð, á meðan hann er í heimsókn?“

Hún: „Nei, það hef ég ekki orðið vör við“.

## II.

Þetta samtal, sem hér er tilfært, er að vísu ekki orðrétt, en allt megin innihald (eða hugsun), tel ég vera hér rétt eftir haft og rétt munað, enda ritað undireins að samtali loknu.

Þessi kona er þekkt fyrir sannsögli og hreinskilni, og heiðarleik til orðs og æðis, og er ég þess viss, að það, sem hún segir um sérstæða reynslu sína, má taka sem fullan sannleika, eins og þessi reynsla kemur henni fyrir sjónir.

Hvaða raunsæjar ályktanir má svo draga af þessari frásögn? Er hér um fjarskynjun að ræða eingöngu, eða má gera ráð fyrir, að líkamning (materialisation) framliðins manns hafi átt sér stað að meira eða minna leyti?

Það, að konunni fannst maðurinn vera efniskendur og fullkomlega líkamlegur, gæti bent til þess, að um líkamning hefði hér verið að ræða.

En það, að konan kveðst vera í hálfgerðu leiðsluástandi, meðan heimsóknin varir, gæti eins vel eða frekar bent til þess, að um fjarskynjun hafi verið að ræða.

Samkvæmt nýölskum skilningi, hljóta allir menn að  
152 LÍFGEISLAR



flytjast til annars hnattar, við dauða líkamans hér, og skapa sér þar nýjan efnislíkama. Lífaflsvæði mannsins flyst til annarrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Þar verður hans framtíðarheimkynni.

En framlífsmenn hafa stundum möguleika á að koma hingað hamförum og líkamast um stundarsakir, en oftast á mjög ófullkominn hátt, miðað við það, sem eiga mun sér stað milli fullkominna framlífsmannkynja.

Hamfarir og tilheyrandi líkamning um stundarsakir, mun einnig stundum geta átt sér stað á hinn veginn, þannig, að sofandi maður eða vakandi í leiðslu – eða miðilsástandi, getur komið fram á öðrum hnetti, meðal látinna vina, sem þangað hafa flust. Þegar svo vel hagar til, er um fagnaðarfundi að ræða. Ýmsar frásagnir virðast benda til þess, að slíkar skyndiheimsóknir geti átt sér stað. (Sjá t. d. frásagnir í *Þjónusta englanna*).

Frásögn konunnar um samfundi við látinn eiginmann sinn, gæti bent til þessa möguleika: hamfara hennar til annars hnattar, án þess þó, að samband hennar rofni að fullu við heimili hennar og þá staðhætti, sem þar eru fyrir hendi. Lífaflsvæði hennar flytur sig um stund að nokkru leyti á annan hnött til ástvinafundar.

Ég vil taka fram, að hér er um að ræða líklega tilgátu en ekki fullyrðingu eða örugga vissu. Því fleiri skýringartilgátur gætu komið til greina.

Líforkan er sá máttur, sem hér er að verki. Lífgeislan stafar frá hverjum manni, og getur brúað bilið milli hinna fjarlægustu lífstöðva alheimsins á svipstundu.

Ef betur hagaði til hér á jörðu, ef lífsambönd við lengra komna vini væru fullkomnari, en raun ber vitni, enn sem komið er, þyrfti dauði ástvinar ekki að valda þeirri sorg og þeim algjöra aðskilnaði, sem nú er hið erfiða hlutskipti flestra eftirlifenda. Þá mundi verða að vertuleika sú hug-sýn, sem Jónas Hallgrímsson lýsir svo fagurlega í þessu erindi:

*Háa skilur hnetti  
himingeimur,  
blað skilur bakka og egg,  
en anda sem unnast  
fær aldregi  
eilífð að skilið.*

Því hugsambönd yrðu þá greiðari en nú er og gagnkvæmar heimsóknir gætu þá átt sér stað, milli framliðinna vina, sem flust hafa á aðra hnetti og þeirra, sem eftir lifa hér á jörðu.

*Ingvar Agnarsson.*

## Stilliáhrif að draumi

Stilliáhrif að draumum mínum tekst mér stundum að rekja til ákveðinna manna. Og skal nú sagt frá dæmi um það. Kemur þar hundahald við sögu lítillaga og bann við því.

En í sjónvarpsfréttum nýlega sá ég og heyrði hjón nokkur segja frá því, að þau hefðu verið kærð fyrir að eiga hund og hefðu þau orðið að greiða allháa sekt fyrir það ólöglega athæfi. En hundurinn var þeim kærri en svo að þau hikuðu neitt við það.


Mátti þarna í sjónvarpinu sjá lítinn *hvítan* hund, sem konan hélt í fangi sér meðan viðtalið við þau hjónin fór fram. Mann konunnar þekkti ég undireins í sjón og er ég lítillaga kunnugur honum, þó að ekki vissi ég, fyrr en þarna, að þau hjón ættu hund.

Nokkrum dögum seinna sá ég mann þennan aftur á förn-um vegi og kinkuðum við kalli hvor til annars: Og væri það nú ekki frásagnarvert, ef mig hefði ekki nóttina eftir, dreymt þannig, að mér þótti ástæða til að setja í samband við stilliáhrif manns þessa.

En í draumnum þótti mér ég vera úti á gangi og ber þar fyrir mig, sem ég gekk í framandi umhverfi, allt í einu, lítinn *svartan* hund. Gekk ég til hans, kraup niður og lét vel að honum um stund. Og man ég svo ekki fleira frá þessum draumi að segja.

*Sveinn Haraldsson,  
23. apríl 1983.*

Ingvar Agnarsson:  
**Austurhafið**  
**á bakhlið tunglsins**



Bakhlið tunglsins er að jafnaði mun úfnari, en sú hliðin sem að jörðu snýr. Þar er varla sléttan blett að sjá, heldur er þar víðast allt þakið hringlaga gígum stórum og smáum, sem riðlast hver við annan og hver upp á annan.

Á myndinni sést hin mikla lægð eða kvos sem kölluð er *Mare Orientale* (Austurhafið heitir svo, af því hún liggur rétt á bak við austurbrún tunglsins þ. e. skammt handan þess hluta tunglsins, sem frá jörðu sést). Umhverfis þessa miklu lægð eru hringmyndaðir stallar, eða öllu heldur fjöll, hvert upp af öðru og hvert á bak við annað og hið ysta þeirra, Cordillera-fjöllin, eru nær alveg hringlaga og liggja umhverfis þessa miklu lægð. Þau eru um 1000 km í þvermál og gnæfa rúmlega 6000 metra upp yfir sléttuna í miðju þeirra. Innri hringstallurinn, kallaður Klettafjöllin, er um 650 km í þvermál.

Út frá þessum mikla sprengigíg liggja ljósleitir rákir eða taumar allt að 1000 km út fyrir Cordillera-fjallahringinn, í allar áttir.

Álitið er að hin mikla lægð, *Mare Orientale*, hafi myndast við sprengingu er gifurlega stór loftsteinn eða kjarni hala-stjörnu, tugir kílómetra að þvermáli hafi rekist á tunglið, og gert þar þennan mikla usla á yfirborði þess, svo sem enn sér merki um ef skyggnt er bak við þá brún tunglsins sem ætíð byrgir alla sýn yfir á bakhlið þess héðan frá jörðu að sjá.

## Myr:

### Úr ljóðum Davíðs Stefánssonar

Verði frelsið hætt og hatað  
hefur þjóðin öllu glatað.

# Ástin í tilverunni

Tilveran í heild er án upphafs.

Hin æðsta vera er án upphafs. Hún hefur ávallt verið til.

Ástin er insta eðli hinnar æðstu veru.

Ástin er alheimsafl, hið mesta í tilverunni.

Ástin er fyrsti aflvaki allra hluta.

Ástin er upphaf og orsök alls sem er og verður.

Ástin er frumorsök efnis- og frumeindasköpunar um allan alheim og orsök allrar þróunar þess í sólir, reikistjörnur og vetrarbrautir.

Ást hinnar æðstu veru er orsök fyrstu sköpunar lífs á hverjum hnetti og síðan þróunar þess í æðri og fullkonnari lífmyndir.

Ástin er það alheimsafl sem áhrif hefur í alla verðandi um alheim.

Ást sú eða kærleikur, sem hver maður og hvert dýr ber í brjósti sér, er brot af ást hinnar æðstu veru.

Kærleikur hvers eins til náunga síns, ást móður til barns, ást milli karls og konu: allt eru þetta litlir neistar af ást hinnar æðstu veru.

Ekkert er ástinni æðra.

Hin æðri ást er frumorsök alls hins góða, sem bærast í hverri mannssál. – Hið sama er að segja um þá ást og þann góðleika, sem hvert dýr jarðarinnar býr yfir.

Án alheimsástar væri engin tilvera: ekkert efni, engar sólir, engar reikistjörnur, ekkert líf jurta, dýra, manna eða enn lengra komins lífs.

Allir kraftar alheimsins: aðdráttarafl, segulafl, ljósafli, kjarnorka, o. s. frv. eru aðeins mismunandi form eða myndir hinnar æðri ástar; sama er að segja um líforkuna, lífskraftinn og lífsambandskraftinn, sem hver lífvera býr yfir. Allt eru þetta mismunandi myndir hins æðsta máttar, alheimsástarinnar, sem er sterkasta afl alheimstilverunnar, upphaf og orsök allra hluta og allrar orku.

Ást hinnar æðstu veru birtist í öllum hinum fjölbreyttu tilbrigðum alls sem er.

Hin takmarkalausa ást hinnar æðstu veru leitast við að laða allt hið orðna í átt til sín, úr ófullkomnun í fullkomnun.

S.S.T.

## Hugleiðing:

# Steinninn sem smiðirnir höfnuðu

Í Nýja testamentinu er Kristi líkt við steininn sem smiðirnir höfnuðu. (Matt. 21,42; Post. 4,10–11; I Pét. 2,6–7). Þennan stein telur Adam Rutherford vera tindstein Pýramídans mikla, sem aldrei var settur upp. („Pýramídinn mikli“ bls. 58.)

Ef Pýramídinn mikli táknað, eins og ég álit, tungumála- byggingu jarðarinnar og tindur hennar sé íslensk tunga, þá ætti Kristur á einhvern hátt að tengjast íslenskri tungu.

Til þess benda einmitt orð sem höfð eru eftir Kristi en ekki þýdd í guðspjallinu. Þau eru: „lama sabaktaní“ (Mark. 15,34); „effata“ (Mark. 7,34) og „talíta kúmi“ (Mark. 5,41). Þessi orð hljóma íslenskt og ættu þá að vera þannig: lama (lambið) sem að baki stendur (en ekki: Því hefur þú yfirgefið mig eða snúið baki við mér); opnist þú eða „offnist þú og stúlka litla eða hnáta litla kom þú.

Svipuð orð hafa heyrst í dag á miðilsfundi eða: „Veran sem að baki stendur“. Þetta er einnig í samræmi við það sem sagt er fyrir miðilsmunn, að á þeim hnöttum sem leitast við að bjarga þessum hnetti, sé framliðið norrænt fólk og íslenska sé þar ríkjandi tungumál. Himinninn talar þannig íslensku.

Tindsteinninn getur því vel táknað bæði íslenska tungu og orð Krists.

*Gunnar Hjörvar.*

Þorsteinn Guðjónsson:

## Árnaðarorð

Ritdóma hef ég aldrei skrifað, og býst ekki við að gera það, en aðeins hefur það komið fyrir að ég hafi skrifað um bækur. En nú vill svo til, að til mín berast 3–4 bækur, allar um sama leyti, og allar borgfirzkar með nokkrum hætti, og þessar bækur vilja láta mig skrifa um sig. Ég tek fyrst upp bókina sem barst mér fyrst í hendur: „Huglæknirinn og sjáandinn Sigurrós Jóhannsdóttir“, sem Þórarinn frá Kjaransstöðum hefur skráð, ýmist eftir frásögn hennar sjálfrar eða öðrum gögnum.

Orðið huglæknir er nú svo vel rófíest í íslenzku samtíðarmáli, að því verður naumast þaðan vikið, jafnvel þótt einhver teldi því ofaukið. Með því er átt við mann, karl eða konu, sem hefur öðlazzt þann dýrmæta hæfileika, að geta orðið sjúku fólki að liði með því að beina hugsun sinni eða bænargerð til sjúklinganna með ósk um bata. Það byggist á því hvort menn játa eða neita þeim veruleika sem hugsambandsfyrirbærin eru, hvort þeir telja nokkurt mark á slíkum lækningum takandi. Því miður verður varla annað sagt en að þjóðfélögin, þar með talið vort íslenzka þjóðfélag, séu „rekin“ út frá því grundvallarsjónarmiði, að þessi fyrirbæri séu ekki til. En það hefur verið hin merkilega mótsögn í íslenzku menningarlífi, að hér hefur það verið alþýðan, sem tók ráðin af hinum hámenntuðu, sem höfðu lært það erlendis að þetta væri ekki til, og meðal þeirra sem hafa verið drýgstir til áhrifa í þessum efnum hafa einmitt verið huglæknarnir. – Og þeir eru ótaldir sem telja sig hafa sótt hjálp til huglækna þegar hina lærðu lækna þraut – sem auðvitað kemur stundum fyrir. En hitt mun vera næsta fátítt hér á landi að fólk hafni því sem læknávisindin bjóða, þó að þeir leiti til huglækna, slíkt kemur fremur fyrir þar sem sú hugmynd er algeng, að „rétt trú“ sé skilyrði fyrir mætti bænarinnar.

Einn þessara íslenzku huglækna, sem hjálpar með styrk

samúðar sinnar og þátttöku í bágindum annarra, er Sigurrós Jóhannsdóttir. Hún er ættuð úr Hraunhreppi á Mýrum, en fluttist til Reykjavíkur um 1930 en býr nú að Skúlagötu 60.

Hefur hún lagt stund á þessi hjálparstörf um áratuga skeið, þó mest nú síðustu árin, því hún hefur fundið kraft sinn fara vaxandi. Hefur nú Þórarinn frá Kjaransstöðum unnið það þarfa og góða verk að setja saman um hana heila bók. Á baksíðu og forsíðu eru myndir af Sigurrósu, og þarf enginn sem lítur á svipinn sem þær sýna, að vera í vafa um hugarfar þessarar konu. Í bókinni eru margar frásögur af merkilegum atvikum, draumum og draumkenndri reynslu Sigurrósar og af lækningum hennar. Og allsstaðar má þarna kenna hinn sterka persónuleika hennar. Því Sigurrós er heil og sönn í þessu verki sínu og er enginn veifiskati. Virðing hennar fyrir hinu háa og sanna er slík, að engum mundi haldast uppi að lítilsvirða það, þar sem hún kemur sér við. Málfar hennar er kjarngott, og jafnvel sum tilfinningaorð, sem léttvæg þykja stundum, verða hjá henni vegleg af þeim persónukrafti sem hún leggur í þau.

Vissulega er það rétt sem stendur í fyrirsögn, að Sigurrós er *sjáandi*, í hinni sérstöku merkingu þess orðs. Munu sýnir hennar sumar hafa verið „heilaglegar og stórmerkilegar“ eins og Snorri Sturluson kemst að orði í Heimskringlu. En af því sem smærra er leyfi ég mér að nefna atvik sem gerðist eftir fund, þar sem fólk sat saman í hring, á þann hátt sem flestir Íslendingar þekkja.

„Sérðu ekki geislana, Þorsteinn minn“, segir hún við mig eftir fundinn, og „nú ljómar allur salurinn og allur veggurinn þarna af þeim“. Og hún gekk eftir því hvort ég sæi þá ekki. Ég varð að játa, að ekkert slíkt var mér þarna sjáanlegt, og bar ég við ófullkomleika. En hitt fann ég vel, af hvílikri djúpri hrifningu þarna var talað. Ég leyfði mér nú dálítið bragð, sem var í því fólgið að ég bar vinstri höndina fyrir augu Sigurrósar nokkuð frá henni, og spurði hvort hún sæi þá geislana enn. Þá sagðist hún sjá blessaða geislana á lófanum. – Fyrir mér var þetta sönnun þess að sýnir hennar væru raunverulegar. Trúnaður er eitt, sönnun er annað. En þetta „bragð“ hafði ég lært í þeim fræðum sem kallast íslensk heimspeki, og má kallast rannsóknataeki ekki síður en ýmis háþróaður útbúnaður er það.



Ég óska bók Sigurrósar hins bezta árnaðar, bæði meðal lærðra og leikra, og þó einkum þess að margir megi njóta góðs af lestri hennar. Enda vona ég að um hana megi einnig gilda það sem segir í kvæði Gríms Thomsen um skógar-manninn Allan a Dale (Allan á Dali):

*... hjá Allan þóttust finna fleira  
er félli bæði að hjarta og eyra  
alþýðu sálir einfaldar.*

Um Allan a Dale segir Grímur ennfremur:

*aumkan menn við auma fyllti  
ávallt bætti, hvergi spillti  
öðlingurinn Allan a Dale*

Þau orð mættu líka vel standa um Sigurrósu. En ekki má láta þess ógetið, sem ég hygg að henni þyki miklu skipta, að með þessari bók hefur hún tekið vel í strenginn með Helga Pjeturss, með því að segja einarðlega frá sambandsreynslu sinni varðandi hann. Og hefur Þórarinn á Kjaransstöðum átt góðan hlut að því máli einnig, með því að draga ekki fjöður yfir þá reynslu Sigurrósar, heldur einmitt hið gagn-stæða.

## Myr:

### Spekimál úr ljóðum Einars Benediktssonar

Eins og heili manns má skynja og skilja,  
skrá og geyma í minning jarðarheimsins,  
man um eilífð heili hnattageimsins  
hljóm hvers sálarstrengs í lífsins ríki.


Ingvar Agnarsson:

## Vinur okkar, máninn

### I. Jarðskinið.

Hafið þið tekið eftir því, að þótt sólin skíni aðeins á nokkurn hluta tunglsins, þá má oft sjá það allt? Þetta stafar af því, að birtu stafar á hinn myrka hluta þess, frá jörðinni, þ. e. endurskin sólarljóss. Þetta fyrirbæri kallast jarðskin.

Þetta gerist þannig að sólin varpar geislum sínum á jörðina. Frá jörðinni endurvarpast sólarljósið til tunglsins og gerir skuggahlið þess sýnilega; frá tunglinu endurvarpast svo jarðgeislarnir aftur til jarðarinnar og gerir skuggahliðina sýnilega.




Skinið frá jörðinni er mjög dauft, því aðeins örlítið brot af því nær tunglinu. Tunglið, að sínu leyti endurkastar aðeins 7% af þessu ljósi, og það er að lokum örlítið brot þessara 7% sem ná aftur til jarðar. Þó er þetta litla brot nægilegt til þess, að við getum séð þann hluta tunglsins, sem frá sólu snýr.

Það er jarðskinið, sem hér er að verki og lýsir upp skuggahlið tunglsins.

## II. Tunglbaugar.

Kringum tunglið má stundum sjá bauga sem kallaðir eru rosabaugar. Helst gerist þetta þegar móða er hátt í lofti, dimmviðri. Þessir baugar eru í andrúmsloftinu og eru svipaðs eðlis og regnboginn. Hér er það tunglskinið sem brýst í gegnum ský með örsmáum ískristöllum. Oftast eru



Þessir baugar litlausir, en sjáist í þeim litir, snúa þeir öfugt við þá sem sjást í regnboganum, þannig að rauði liturinn er innst í boganum.

Tunglbaugar eru stundum tveir. Myndar þá sá innri 22 gráðu hring umhverfis tunglið en sá ytri 46 gráðu hring.

Skemmtilegt er að athuga þetta fyrirbæri í lofthveli jarðarinnar þá sjaldan sem slíkt er að sjá.

Þessar tvær myndir eru fengnar úr bókinni *Astronomi* eftir Herbert S. Zim.

## Hugleiðing: Nýall og kirkjan

### 1. Stjörnur í kirkjuna.

Lífið er á stjörnunum. Þar er himnaríki og þar er einnig helvíti. Framlíf eiga allir fyrir höndum á öðrum stjörnum. Lífið er sambandsæðlis og óháð fjarlægðum stjarngeimsins. Frá öðrum stjörnum leitast æðri verur við að koma í heim-sókn til þessarar jarðstjörnu. Þetta eru sannkallaðir guðir, sem vilja leiða mannkynið frá helstefnu til lífstefnu.

### 2. Hold og blóð í Nýal.

Það eru frumur holds og blóðs, sem tengja lífið í alheimi. Sambandsleysi við æðra tilverustig lífsins á öðrum stjörnum er synd. Frumur holds og blóðs eyða þeirri synd. Það getur enginn tekið á sig afbrot annarra. Sérhver verður að mæta því í framlífi, sem hann hefur rangt gert. En sambandsleysi við guðina má bæta úr með frumum holds og blóðs.

### 3. Íslenska er guðamálið.

Guðirnir tala tungumál. Talfæri tengjast talfærum. Frumur talfæranna geta borið boð á milli stjarna. En tungumálið verður að vera hið sama hjá báðum sambandsaðilum. Guðirnir leitast fyrst við að koma tungumáli sínu að hjá mannkyni því, sem heimsækja á og bjarga. Íslenska er guðamál okkar mannkyns. Það sameinar Nýal og kirkjuna.

24. 12. '84.

Gunnar Hjörvar.

Þorsteinn Guðjónsson:

## Eðli innblásturs

Fjöldinn allur er til af traustsverðum sögum um „innblástur“ rithöfunda og listamanna ýmissa, ýmist þeirra sem sköpuðu frumleg verk eða þá þeirra sem skiluðu frá sér þeim hlutum ófullgerðra tónverka sem meisturum hafði ekki tekizt að ljúka við. Af þeim dæmum sem ég þekki vel þykir mér dæmi skáldbóndans bezt. Hann reis upp með sól að morgni og kom honum þá skyndilega í hug efni í kvæði, nefnilega samlíking sem vinna mætti úr, og ekki aðeins það heldur kom honum í hug bragarhátturinn sem nota skyldi, og þar með lengd hveurrar vísu, fjöldi vísna og helztu efnisatriði. En jafnframt því sem þetta rann svona upp fyrir honum varð honum ljóst að hann „mátti ekki vera að því að yrkja kvæðið“. Skyldustörfin kölluðu hann til sín og vann hann nú af kappi allan daginn. Þegar hætt var að vinna um kvöldið settist hann niður og orti kvæðið. – Þetta er kvæðið Fjallalind sem stendur í bókinni Til Þín, eftir Þorstein Jónsson. En um „innblásturinn“ er þetta að segja:

Sumum hættir til að líta á innblástur sem beint símasamband við eitthvert æðra stig vizku og listar („Óskeikulleiki Orðsins“). En í þessu dæmi er naumast um slíkt að ræða. Í fyrsta lagi sér skáldið samlíkinguna (sem í þessu dæmi var mjög snjöll samlíking milli einstaks náttúrufyrirbæris, fjallalindar, og hinnar áhættusömu sögu lífsins). Í öðru lagi kann hann að yrkja, hefur tæknina á valdi sínu, eins og menn segja nú; þar með talið það að túlka samlíkingu samfelld, þannig: að um leið og ein saga er sögð, skín önnur í gegn). – Hvort tveggja þetta eru „jarðneskir viðburðir“, og einnig það að hann heldur þessari hugljómun sinni við – einhverjum anga af henni, – samhliða verki sínu allan daginn. En engu að síður *vitradist* honum kvæðið í heild um morguninn – þó að það væri ekki orðið til hér á jörð. Hann sá erindin eins og fyrir sér á blaði. Sú hugsun liggur beint við, að líkt kvæði hafi þegar verið orðið til á annarri jörð

þegar þetta bar fyrir hann. En það þarf ekki að hafa verið nákvæmlega eins, og hefur sennilega ekki verið það. *Mótunin* er jarðneskra manna, fylgir jarðneskum lögmálum, en fyrirmyndin, andagiftin, „ómur og hljómur“ koma handanað, og ef menn hafa þetta hvorttveggja í huga munu þeir geta leiðrétt hugmyndir beggja: þeirra sem halda að allt sé þetta mannleg verk, og hinna sem kynnu að vera of ógætilega trúaðir á einfaldan óskeikulleik orðsins – handanað.

Annað dæmi þessu skylt er einnig frá manni mér mjög vel kunnugum, það er Ingvari Agnarssyni. Ef mér hefði verið sagt fyrir 10–15 árum að Ingvar mundi eiga eftir að yrkja kvæði, sem mér þættu raunverulega aðdáunarverð, þá hefði ég varla trúað því. Ég vissi að hann var smekkaður á mál og skáldskap, góður í heimspekilegu og vísindalegu, og hafði komiðt furðul langt í erlendum málum með sjálfsnámi. En að hann væri skáld kom mér ekki í hug þá. Þegar hann fór að koma með kvæði, marg-virti ég þau fyrir mér og spurði sjálfan mig: „eru þau þá *svona* góð?“

Kvæðið „Heill þér, hilmir stjarna“ sem birzt hefur í *Lífgeislum* er eitt þeirra sem mér þykir býsna gott, og hef ég spurt höfundinn um uppruna þess. Jú, jú hann dreymdi eða sá í sýn, mikinn mannfjölda í sal, sem var að búast við miklum ágætagesti úr fjarlægum himinríki, og er sá ávarpaður með þessari hendingu sem ég nefndi. Kvæðið hélt síðan áfram en það nam Ingvar ekki í svefninum. En þegar hann var vaknaður orti hann kvæðið, eftir því sem honum þótti líklegast að það hefði átt að vera. Líkt og með kvæði Þorsteins Jónssonar er mótunin jarðnesk, jarðneskri kunnáttu beitt til að gefa andagiftinni form, en þetta tekst því betur sem trúverðugleikinn við hina himnesku fyrirmynd er meiri. Snillingar orða og hljóma urðu þeir sem bezt reyndu að fylgja fordæmi fullkonnunarinnar, en þegar þá viðleitni vantar verður afleiðingin afbökun og afskræming, eins og því miður má sjá mörg dæmi um í nútímalegri list.

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Lýsing á stórviðburði**

Kvæði móður minnar „Það er enn á leið að skapast ...“, sem birtist í Lífgeislum, 49. tbl. 1984, fann ég innan um önnur blöð eftir hana sem ég var að taka til og raða, og taldi einn hinn bezta feng. Kvæðið er frá kreppuárunum, þegar menn halda að ekkert hafi gerzt, nema stjórnarskipti og styrjaldarundirbúningur. En í kvæðinu er einmitt lýst raunverulegum stórviðburði eða aðdraganda hans. Stórviðburðurinn sem verið er að lýsa er koma gests frá einum hnetti fullkomnari til annars ófullkomnari og þau áhrif sem fara á undan slíkum al-sigri lýsa sér vel í kvæðinu.

Hvort þetta hefur komið skáldkonunni fyrst sem draumur frá öðrum hnetti álika og okkar, eða hvort þetta endurspeglar einhverja tilraun sem gera átti í sambandi við Ísland og þessa jörð, veit ég ekki, en víst er um það að birta hins sanna lífs lýsir hér í gegn.

Á þessum árum, sem auðvitað voru fátæktarár, og berkla-veikiár, stundaði móðir mín miðilsfundi og studdi að því að utanbæjarmenn kæmust á fundi – hjá Láru, sem hún hélt síðar að sér hefði missýnt um, en svo mun ekki hafa verið nema að litlu leyti. Lára var, þrátt fyrir allt hluti af merkilegri tilraun. – En kvæðið sem hér var birt, sannar það að Málfríður var réttnefnd skáldkona, og mun ég hér eftir ekki hika við að kalla hana því nafni, þegar svo ber undir.

## Hver lítil stjarna

*Hver lítil stjarna, sem lýsir og hrapar,  
er ljóð, sem himinninn sjálfur skapar.*

*Hvert lítið blóm, sem ljósinu safnar,  
er ljóð um kjarnann, sem vex og dafnar.*

*Hvert lítið orð, sem lífinu fagnar,  
er ljóð við sönginn, sem aldrei þagnar.*

*Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.*

## Hollráð

*Þá, sem börn vilja ekki þýðast,  
skyldu aðrir varast.*

*Hver, sem á barn að vini,  
er gæfumaður.*

*Leggðu lag þitt við hann.*

*Kristmann Guðmundsson.*

## Koma frumheimar

*Koma frumheimar.*

*Bíða blómheimar.*

*Koma blómheimar.*

*Bíða dýrheimar.*

*Koma dýrheimar.*

*Bíða mannheimar.*

*Koma mannheimar.*

*– Enn bíður þú.*

*Gunnar Dal.*



## Skínið stjörnur

*Skínið stjörnur, skært í kvöld,  
skjálfið í töfraloga.*

*Himinvöld, himinvöld  
hefjið norðurljósatjöld  
um allan blálofts-boga.*

*Brenni næturblysin öll  
bæði' á himni' og jörð,  
stafi grundir, fell og fjörð.*

*Hulda.*

## Svefnrof

*Úr draumi í angist mig andvakan rak.  
Mig angrar í dimmunni lævirkjans kvak.*

*Mér langt finnst til morguns og langt frá í gær.  
Nú lýsir á koddann minn blástjarnan skær.*

*Og látlaust enn heyri ég lævirkjans kvak.  
Mig langar í svefn, en sú rödd segir „vak“.*

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum þýddi.*

## Augu barnsins

*Augu barnsins spyrja:*

*Hver ert þú?*

*Sakleysi þess*

*krefur þig sagna,*

*því að gegnum augu barnsins*

*horfir Guð á þig;*

*og umbun þín er mikil,*

*þegar andlit barnsins þíns*

*ljómar af brosi hans.*

*Þegar barnið brosir til þín,  
hefur Guð fyrirgefið þér.*

*Kristmann Guðmundsson.*

## Draumar Guðjóns B. Jónssonar

### I. Foryrði.

Ég hef stundum haft orð á því við fólk, að það væri eitt sem mig langar að sjá ef mér entist aldur til, en það væri Hallgrímskirkja í „fullum skrúða“. Fram til þessa hef ég haft litla trú á að sú ósk gæti ræst. En þegar ég nýlega heyrði í fréttum, að nú væri stefnt að því að ljúka kirkjubyggingunni fyrir 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar, sem verður á árinu 1986, rifjaðist upp fyrir mér draumur sem mig dreymdi fyrir u.þ.b. 3 árum og er hann á þessa leið:

### II. Draumarnir.

*Fyrsti þáttur.* Mér fannst ég vera staddur á Skólavörðuholtinu. Dagur var að kvöldi kominn og myrkur grúfði yfir borginni. Sá ég þá skammt frá mér stóra byggingu með mörgum gluggaröðum hverri upp af annarri. Öll ljómaði hún að innan af ljósadýrð. Þóttist ég þá vita að þarna væri Hallgrímskirkja komin í fullan skrúða eins og ég hef orðað það, en þar á ég við að hún sé fullfrágengin utan og innan. Ekki fannst mér í draumnum hún vera lík í lögun því sem hún er í raunveruleikanum, t.d. sá ég engan turn á henni.

*Annar þáttur.* Þá skipti það engum togum að ég var um leið kominn inn í kirkjuna og búinn að taka mér sæti aftan til í miðri kirkjunni og sat fólk í bekknum mér á báðar hliðar. Þaðan virti ég fyrir mér hið veglega hús með bekkjaradírnar eftir upphækkandi gólfinu líkt og í bíósölum, þær náðu niður að altari. Í kirkjunni var hvert sæti skipað því þar var fjöldi fólks saman kominn.

Fyrir altarinu stóð prestur, klæddur hempu og prestakrağa. Hann leggur þegar af stað frá altarinu upp eftir hallandi gólfinu og nemur staðar fyrir framan mig, hann horfði á mig alvörugefinn á svip, þannig stóð hann án þess að mæla orð. Var þessi draumsýn þar með á enda.

*Þriðji þáttur.* Í sömu andráníni var ég kominn austur í Rangárvallasýslu að bæ þar sem hálfbróðir minn býr, og ég dvaldi um tíma á unglingsárum mínum. Fannst mér ég standa við gamla bæinn sem að mestu leyti var rifinn fyrir mörgum árum. Ekki sá ég þar neitt af heimilisfólkinu. Í stað þess kemur þar risi mikill, sem minnti mig helst á risana í Þjóðsögunum. Hæð hans var að minnsta kosti tvær mannhæðir. Ekki sá ég andlit hans greinilega en höfuðbúnaði hans veitti ég athygli. Höfuðfatið líktist gríðarmiklum hólk, kúlulaga að ofan með mjóa trjónu upp úr hvirflinum.

Ekki fannst mér hann bera illan hug til mín og ekki talaði hann neitt, en virtist vera með hugann við trékylfu mikla er hann hafði í hægri hendi og náði hún honum í mjöðm er hann studdi sig við hana.

Kylfa þessi var mjög sver að neðan en mjökkaði uppeftir, og á henni mótaði víða fyrir kvistum. Þarna stóðum við andspænis hvor öðrum er ég vaknaði.

### III. Athugasemdir.

Vegna þess að draumurinn um risann er í beinu framhaldi af kirkjudraumnum, læt ég hann fylgja með, þótt ég finni enga skýringu á honum, og telji hann þess vegna markleysu frá mínu sjónarmiði.

En drauminn um kirkjuna hef ég helst sett í samband við mitt skapadægur.

Ég vil geta þess að þennan draum skrifaði ég ekki upp á þeim tíma sem mig dreymdi hann, og hef því ekki dagsetningu hans. Man ég þó greinilega hvert atriði hans.

Skrifað í september 1984.

*Guðjón B. Jónsson.*

### IV. Viðauki

#### Skýringartilraunir ritstjóra:

Draumur þessi, sem Guðjón B. Jónsson segir frá er allur hinn athyglisverðasti, að mínu mati. Hann skiptist í þrjá aðskilda kafla og er sá síðasti þeirra mjög frábrugðinn tveim hinum fyrri.

Langar mig til að gera smávægilegar skýringartilraunir er væru þá í samræmi við þann skilning minn á draumum, sem ég tel réttastan og náttúrufræðilegastan og styðst þar að vísu við draumakenningar dr. Helga Pjeturss.

Vil ég þá gera ráð fyrir draumgjafa, þeim sem draumur stafar frá, þ. e. vakandi manni á einhverjum öðrum stað, og hinsvegar draumbega, þeim sem sefur og er því óvirkur. Og ég vil gera ráð fyrir, að hið draumséða eða draumreynda, sé samtíma skynjun eða atburður, en ekki eitthvað, sem gerast mun í framtíð.

**Í fyrsta hluta draumsins** þykist Guðjón staddur vera á Skólavörðuholtinu og er að horfa á stóra byggingu með mörgum gluggaröðum. Honum þykir þetta vera Hallgrímskirkja, og sé byggingu hennar fulllokið. – Augljóst er þó, að hér er ekki um Skólavörðuholtið að ræða, né heldur Hallgrímskirkju, enda veitir hann því athygli að útlit þessa húss er allt annað. – Hér mun því vera um rangþýðingu dreymandans að ræða, en slíkt er einmitt mjög algengt í draumum. Og sé draumsýnin skýr getur dreymandinn oftast áttað sig á – eftir að vaknað er – að ýmislegt var í draumsýninni öðruvísi en vera ætti, miðað við raunveruleika vökunnar.

Að loknum þessum þætti virðast snögglega hafa orðið draumgjafaskipti, en einnig það er mjög algengt í draumum.

**Annar þáttur draumsins** hefst á því að hann telur sig skyndilega vera kominn inn í byggingu þá, sem hann hafði verið að horfa á að utan. Ég hygg, að hér gæti enn rangþýðingar, því nú er hann raunverulega staddur í samkomusal, sem mjög líkist venjulegri kirkju, enda er þar maður í prestaskrúða og fjöldi fólks í sætum. En slíkur innri búnaður gæti varla verið í byggingu þeirri sem hann horfði á að utan. Væri þessu nú samt sem áður þannig háttað, þá væri vel hugsanlegt, að ekki hefðu orðið draumgjafaskipti, heldur hefði maðurinn, sem draumbeginn (Guðjón) hafði samband við, gengið inn í bygginguna, sem þarna var rétt hjá honum og fengið sér þar sæti. Ef þannig væri þá hefði sá hlutinn af draumi Guðjóns fallið í gleymsku eða „týnst“ úr minni hans, en vel gæti slíkt þó hafa gerst. Þarna mætti því vel hugsa sér aðra hvora af tveim leiðum til skilnings:

Draumgjafaskipti eða einn og sama draumgjafann í báðum þessum hlutum draumsins.

Vafalaust er þessi staður eða þessir staðir einhversstaðar til, í einhverri fjarlægð, og vel gæti hugsast að sá staður væri hér á jörð, þótt ekki þurfi endilega svo að vera.

Nú verður enn skyndileg breyting í draumnum, og án þess að dreymandinn vakni.

**Þriðji hluti draumsins** er að öllu leyti gjörólíkur fyrri hlutunum tveim og tel ég nær áreiðanlegt, að hér hafi skipti snögglega um draumgjafa. Samband við hinn fyrri hefur rofnað, en nýtt samband við nýjan aðila, tekur við án tafar.

Ný þykir dreymandanum (Guðjóni) sem hann sé kominn austur í Rangárvallasýslu, þar sem hann þekkir til frá fyrri árum og stendur þar við gamla bæinn, sem að mestu hafði verið rifinn fyrir löngu. Er ég spurði Guðjón nánar um þennan draumséða bæ, þá var hann í draumnum mun reisu- legri og hærri, en gamli bærinn, sem hann þekkti, hafði verið. Hér er sönnun þess, að ekki er um sama bæinn að ræða og honum þótti í draumnum. En nú kemur annað til, á draumsýn þessari, sem í raun tekur af allan vafa um, að ekki er um neinn stað að ræða í Rangárvallasýslu og reyndar engan stað á okkar jörð.

Því nú bar fyrir augu draumgjafans, sambandsvinar Guðjóns, risa einn mikinn, sem bar einkennilegan hólk á höfði og studdi sig við trékylfu eina mikla. Svo stór var þessi maður að nema mundi hæð tveggja meðalmanna a.m.k.

Augljóst virðist mér, að hér er sambandið við mann á einhverjum öðrum byggðum hnetti, og þá í öðru sólhverfi, því enginn maður slíkur er hér á jörðu og mun aldrei verið hafa, en ekkert er sem mælir á móti því, að slíkar stórvaxnar mannverur kunni að vera til, einhversstaðar í óendanlegum geimi.

Þetta draumsamband Guðjóns er því eitt hið merkilegasta sem um getur. Og ekkert er heldur sem mælir gegn því, að fjarsambönd slík kunni að eiga sér stað milli jarðarbúa og fjarlæggra stjarnbúa. Fjarsambönd eru einmitt ein af undirstöðum lífsins í alheimi stjarna og vetrarbrauta og draumarnir eru einhver augljósustu dæmi þeirra fjarsambanda eða fjarhrifa.

Ég hef e. t. v. orðið helst til margorður í skýringum mínum á framsögðum draumum. En mér þykja þeir svo merkilegir, að vel megi eyða nokkru rúmi til umhugsunar um þá, ef verða mætti einhverjum lesanda til nokkurs skilningsauka á draumum þessum, og á draumum alment séð, því draumar eru einmitt þau fyrirbæri, sem svo að segja hver einasti maður á kost á að kynnast af eigin raun. Og mér finnst draumar enn merkilegri en ella, ef hægt er að koma við náttúrufræðilegum skilningi á eðli þeirra. Sá skilningur getur einnig orðið undirstaðan að skilningi á ýmsum öðrum fyrirbærum, sem dulræn hafa verið kölluð.

*Ingvar Agnarsson.*

## Hestur ferst í feni. – Draumur

Dreymdi mig eftirfarandi: Ég var stödd á flatlendi, en eftir því rann stórt fljót, þeim megin, sem ég stóð voru nokkuð háir bakkar að þessari á og vegur lá að henni. En handan við ána var afar mikið flatlendi, en bakkarnir upp með ánni, sem voru nokkuð háir, voru beint á móti veginum, sem lá að ánni mín megin.

Var þar auðsjáanlega vað á ánni. Mér varð litið eftir veginum, mín megin, og sá mann koma ríðandi á rauðum hesti, mjög fallegum og viljugum. Maðurinn hleypir hestinum í ána á mikilli ferð og ég sé að dýpið er svo mikið að hesturinn fer á bullandi sund. Hann syndir yfir og brýst upp á bakkann hinum megin. Tekur svo sprett beint af augum út á flatneskjuna framundan, en sá sprettur stóð ekki lengi, því hesturinn fór á bólakaf í feni, og um leið hentist maðurinn af baki upp á bakkann. Blessuð skepnan braust um, en komst ekki upp úr feninu. Maðurinn hljóp nú upp með ánni, auðsjáanlega til að sækja hjálp. Ég stóð þarna á bakkanum og gat ekkert gert, en sá hvernig hesturinn sökk dýpra og dýpra. Loks stóð ekkert upp úr feninu nema höfuð og makki hestsins. Mér leið alveg voðalega, og líklega hef ég hljóðað og vakið sjálfa mig. Ég sat uppi í rúmi mínu kl. 5 að morgni, grátandi og gat ekki sofnað eftir þennan ömurlega draum.

*Kristín Guðmundsdóttir.  
(Dreymt 11. febrúar 1984).*

## Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Brennumaður.

Brennumaður:

*Komið sæl.*

*Já, hvað er hægt að segja. Ég er hér í hópi manna einhversstaðar í vetrarbrautinni á annarri jörð en ykkar. Hópur þessi er í fjötrum í helli, bágstatt fólk, ískalt.*

*Við höfum ekki fengið að sjá sólina. Ég veit ekki hve lengi.*

D. G.: Þú talar af hendi þeirra sem þarna eru staddir?

Já.

D. G.: Er þér ljóst, að þið eruð í jarðnesku umhverfi?

*Það fer ekki fram hjá mér, svo ómurlegt sem þetta er, þá fer það ekki fram hjá mér.*

D. G.: Minnst þú þíns frumlífs?

*Ekki alveg nákvæmlega. Ég man það sumt. Brennumenn þetta hérna. Ég hef ekki gleymt sumu, sem ég gerði, né aðrir hér.*

H. V.: Ertu að segja, að það sé frá þeim tíma í Íslandssöggunni?

*Það getur verið það sé löngu liðið.*

D. G.: Og þið þurfið að hafa þor til þess að losna úr þessum álögum. Það mun verða. Kannski mjög fljótlega?

*Óskandi það verði.*

*Jæja, fer mér að líða betur við að tala við ykkur.*

D. G.: Þá er það líklega rétt, sem við giskuðum á, Þjóðveldistímanum?

*Jæja, þú ert glöggur.*

D. G.: Getur þú nefnt nafn nokkurs úr hópnum?

*Get ekki minnst nema svo lítils í einu, þá verður allt svo ógurlega dimmt.*

D. G.: Þið vitið það, að þið eruð á myrkurhlið snúningsbundins hnattar og einhversstaðar, ekki afskaplega langt frá ykkur, er bjartara land.

*Þeir eru hérna, sem halda okkur föngrum í fjötrum. Þeir kvelja okkur.*

*Jæja, þeir segjast skulu láta okkur lausa. Það er undir ykkur komið nokkuð. Þeir hörfa frá áhrifum ykkar.*

*Ég þakka ykkur. Þetta er allt annað innra með okkur.*

*Þeir víkja núna. Við göngum út. Fjötrarnir eru farnir. Eldurinn að baki. Fortíðin eins og fjarlægist einhvernveginn, allt þetta liðna. En þó gleymum við því ekki.*

*Ég kveð og þakka.*

*Verið sæl.*

3/12 1984.

Gunnar Hjörvar

ritaði eftir segulbandsupptöku.

## Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Indira Gandhi.

(Indira Gandhi): Kona talar. Blessuð.

Kona framliðin, ekki íslensk. Það eru fjölda margir hér Indverjar. Er ég indversk kona, er tala til Íslands úr öðru sólhverfi vetrarbrautarinnar, þeirrar er gamla jörðin tilheyrr og það sólhverfi.

Minn hnöttur er stórkostlega fagur og mikil samstilling og samhugur allsstaðar ríkjandi á honum og friður og farsæld vaxandi. Menn láta sér ekki til hugar koma að stofna til illinda og ófriðar hér, því það er mjög heimskuleg hegðun, svo ekki sé meira sagt, að eyða orku sinni á þann hátt, að öðrum verði til tjóns.

Hvað mig varðar átti ég á Indlandi bæði skemmtilega og miður skemmtilega daga eins og gengur. Áreiðanlega var það nú löngun og vilji að hjálpa þjóðinni og efla þroska hennar og framfarir, hvernig sem það hefur nú tekist. En fyrir mér vakti að verða leiðtogi þjóðar minnar á brautum framfara og farsældar, ekki hið gagnstæða. Þið kunnið að geta áttað ykkur á, hver þessi indverska kona muni vera, er talar á þennan hátt til ykkar.

En það er svo ótrúlegt, hvernig ég skynja til jarðarinnar og reyndar ekki aðeins þangað, heldur get ég skynjað vetrarbrautina og aðrar vetrarbrautir í einu vetfangi og

176 LÍFGEISLAR



þannig að ég eins og fæ yfirsýn um heim allan. Að minnsta kosti virðist mér það vera alheimurinn, er ég fæ yfirsýn yfir, þótt ekki viti ég nú skil á öllu ennþá, er þar er að sjá. En svo mikil yfirsýn, sem þetta er yfir allan heiminn, þá fæ ég meiri innsýn í innsta eðli heims og lífs, en með öðrum hætti er unnt að öðlast. Og næ ég nú ekki að lýsa þessu nema mjög ófullkomlega hér.

Fundarmaður: Indira, hvernig gengur hér að ná sambandi við son þinn?

Veit ég hann á eftir að vinna merkilegt starf í þágu sinnar þjóðar.

En ég lít svo á það þurfi samtök alls mannkyns til að koma fram leiðréttingu á málum mannkynsins. Og ekki dugir minna en almennur vilji að hverfa frá óréttlætinu og fjandskap þjóða og einstaklinga á milli. En um leið og sá vilji skapast nægilega öflugur hjá fjöldanum opnast leiðir til framfara. En samböndin milli hnattanna veit ég eru lífsnauðsyn og þar er í fólgið óendanlegir möguleikar til eflingar lífinu. Og mannkynið verður ekki fullkomlega lifandi fyrr en sambönd þess við æðri lífstöðvar eru slík, sem þurfa að verða (og) gætu orðið. *Mannkyn alheimsins öll, hins óendanlega alheims, eiga að mynda heild.*

Jæj, þakka nú fyrir. Verið sæl.

*Gunnar Hjörvar  
(ritaði eftir segulbandsupptöku).*

## Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Jökull Jakobsson.

Nýalssinnar hafa alveg á réttu að standa. Ég hefi komist að raun um það. Ég er fluttur á aðra jörð.

Það er eigi minni áhugi í framlífi á leiklist en var á jörðinni. Hér eru leikhús örugglega og leikarar og leikritahöfundar. Já, það er mjög margt, er ég hefi séð hér á leiksviði vel gert. Og þetta er á öllum sviðum ríkjandi, kraftur mikill og áhugi að ná fram í listum og vísindum ekki hvað síst.

*Gunnar Hjörvar  
(ritaði eftir segulbandsupptöku).*

Þorsteinn Guðjónsson:

# Starfsemi Félags Nýalssinna 1984

**Aðalfundur** var haldinn 31. marz, á afmælisdegi Helga Pjeturss (hinum 112.). Var þar kosið í Félagsstjórn, samkvæmt lögum félagsins, og átti Ingvar Agnarsson að víkja úr sæti formanns samkvæmt reglu. Formaður var kjörinn Þorlákur Pétursson rafeindavirki, en aðrir í stjórn eru: Þorsteinn Guðjónsson, varaformaður; Guðmundur Jónsson, gjaldkeri; Ingvar Agnarsson, ritari; Sveinn Haraldsson, meðstjórnandi; Svava Jónsdóttir, varamaður og Skúli Öfjörð, varamaður. Olgeir Möller og Ægir Ólafsson voru kjörnir endurskoðendur.

**Sambandsfundir** hafa verið haldnir nær undantekningarlaust á mánudögum og félagsfundir nær undantekningarlaust fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Gengið hefur verið frá sölu á lítilli skák úr landi félagsins í Laugardal.

Gunnar Hjörvar hefur tekið sambandsfundi upp sem áður.

**Lífgeislar** voru orðnir nokkuð á eftir áætlun á síðasta ári (1983) vegna tafa í prentsmiðju, og komu fjögur síðustu heftin út eftir áramót en af nýja árganginum komu 3 hefti út um jólaleytið 1984. Vel er starfað að því að halda útgáfunni áfram þrátt fyrir tafir.

Ýmis sambönd hafa verið höfð við Nýalssinna utan Reykjavíkur og í öðrum löndum. Ingvar Agnarsson skrifaði alllangt mál um skýringar á huldufólkstrú frá nýölsku sjónarmiði í „Heima er bezt“ og gerði blaðið mjög vel við þá grein. Ýmsar greinar hafa birst hér og þar um nýölsk efni, og út kom ný bók, **Lausn gátunnar**, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum, þar sem hann gerir grein fyrir minningaheimspeki sinni. Geti má þess einnig að út kom bók um Sigurrósu Jóhannsdóttur, huglækni og sjáanda, eftir Þórarin Jónsson á Kjaransstöðum. (Hörpuútgáfan gefur báðar út). Góðir ritdómar og umsagnir um bækur Þorsteins Guðjónssonar hafa komið í virtum erlendum ritum.

**Fundur um fyrirbæri.** Sex virtir íslenzkir vísindamenn sóttu fund Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 þann 8. september. Þór Jakobsson, Ævar Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafræðingur fluttu erindi, en Sveinbjörn Björnsson, Guðmundur Eggertsson og Þorsteinn Vilhjálmsson tóku allir verulegan þátt í umræðum. Þorsteinn Þorsteinsson hafði í sínu erindi vakið máls á samböndum fjar-sambandsfyrirbæra og eðlisfræði, og var það aðalviðkvæði fundarins. Ýmsir Nýalssinnar tóku til máls og þótti mönnum vel hafa til tekizt. Frásögn af fundi þessum kom í Morgunblaðinu nokkru eftir verkfall.

6. desember flutti **Úlfur Ragnarsson** læknir erindi á fundi Félags Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 (fundurinn var færður frá miðvikudegi til þriðjudags, og ræddi um mjög sérkennilega og áhrifamikla draumreynslu sem hann hafði orðið fyrir. Virtist þar hafa verið um samband að ræða við íbúa frumlífshnattar sem hafði verið að því kominn að farast, en bjargaðist af því að maður sem gerði sér grein fyrir að hjálpin kemur frá stjórnunum, brást rétt við og fékk stuðning. Var þessi maður draumgjafi Úlfs, en samband Úlfs við þennan forystumann hefur haldizt síðan (frá 1982) og hefur hann notið góðs af því. – Úlfur ræddi margt um reynslu sína og sambönd, en fundarmenn spurðu hann á móti. Þorsteinn Jónsson spurði (áður hafði Haukur Sigtryggsson spurt hins sama) hvort Úlfur hefði nokkurntíma séð sig í spegli í draumi. Hann hélt nú það og gladdist við spurninguna, og sagði nýlegan draum: langleitur, skarp-leitur maður með slétt dökkt hár. Draumreynslan var þarna eins og búast mátti við, ef kenning Nýals væri sönn og rétt, enda þótt sá sem frá þessu sagði virtist ekki gera sér neina grein fyrir því.

# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT:

### ERINDI OG GREINAR:

Vagnhjólsvetrarbrautin. (Sjá forsíðum.). I. A. Bls.	146
Lausn gátunnar. Þorsteinn Guðjónsson. ....	147
Sambönd við látna vini. I. A. ....	151
Stilliáhrif að draumi. Sveinn Haraldsson. ....	154
Austurhafið á bakhlið tunglsins (m.mynd). I. A.	155
Ástin í tilverunni. S.S.T. ....	157
Steinninn sem smiðirnir höfnuðu. Gunnar Hj.	158
Árnaðarorð. Þorsteinn Guðjónsson. ....	159
Vinur okkar, máninn (með 2 myndum). I. A. ..	162
I. Jarðskinið. II. Tunglbaugar	
Nýall og kirkjan. Gunnar Hjörvar. ....	164
Eðli innblásturs. Þorsteinn Guðjónsson. ....	165
Lýsing á stórviðburði. Þorsteinn Guðjónsson.	167

### LJÓÐ:

Hver lítill stjarna. Davíð Stefánsson. ....	168
Hollráð. Kristmann Guðmundsson. ....	168
Koma frumheimar. Gunnar Dal. ....	168
Skínið stjörnur. Hulda. ....	169
Svefnrof. Þorsteinn Jónsson þýddi. ....	169
Augu barnsins. Kristmann Guðmundsson. ...	169

### DRAUMAR:

Draumar Guðjóns Jónssonar. ....	170
I. Foryrði. II. Draumarnir. III. Athugasemdir.	
IV. Viðauki. Skýringartilraunir I. A.	171
Hestur ferst í feni. – Draumur. Kristín Guðm.d.	174

### SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði. ...	175
Brennumaður. – Indira Gandhi. – Jökull Jakobsson.	

### MYR:

Úr ljóðum Davíðs Stefánssonar. ....	156
Úr ljóðum Einars Benediktssonar. ....	161

Starfsemi Félags Nýalssinna 1984. ....	178
--	-----